

Reykjavík, 17. maí 2019

Niðurstaða athugunar á undirbúningi og framkvæmd ákvörðunar um lánveitingu

Fjármálaeftirlitið gerði athugun hjá Landsbankanum hf. á undirbúningi og framkvæmd ákvörðunar um tiltekna lánveitingu.

Markmið athugunarinnar var að kanna hvort umgjörð, gæði gagna og skipulag við undirbúning og framkvæmd ákvörðunarinnar hefði verið í samræmi við kröfur laga og reglna og vandaða stjórnarhætti, þ.m.t. 1. mgr. 17. gr. og 78. gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Athugun Fjármálaeftirlitsins fólst í ítarlegri yfirferð gagna og viðtölum við bankaráðsmenn og starfsmenn bankans.

Helstu niðurstöður athugunarinnar voru þær að gerð var athugasemd við gæði og úrvinnslu gagna sem lágu til grundvallar lánveitingunni, verklag bankans við lánveitinguna og innra eftirlit og að leiða mætti að því líkum að áhættunefnd bankaráðs hefði ekki gefist tækifæri til að uppfylla hlutverk sitt að fullu. Þá var gerð athugasemd við að fundargerð lánanefndar bankans hefði ekki verið nægilega greinargóð og upplýsandi og að bankinn hefði ekki gætt nægilega að uppfærslu trygginga í veðstöðukerfi hans í samræmi við verklagsreglur. Einnig var gerð athugasemd við tengingar í viðskiptamannahópi í tengslum við lánveitinguna.

Fjármálaeftirlitið fór fram á að Landsbankinn hf. gerði viðeigandi úrbætur vegna framangreindra athugasemda. Óskað var eftir því að innri endurskoðandi bankans framkvæmdi úttekt á úrbótum og skilaði Fjármálaeftirlitinu greinargerð í kjölfarið.